



Fundargerð

257. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur haldinn,

2. október 2020, kl. 08:15

Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson formaður, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson deildarstjóri byggingar- og skipulagsmála, Maríanna Hvannadal Einarsdóttir sérfræðingur umhverfisviðs, Sigmundur Eyþórsson tæknifræðingur og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

1. Afgreiðslu og samráðsfundur byggingafulltrúa nr. 291 (2020010081)

Lögð fram til kynningar fundargerð nr. 291, dagsett 24. september 2020 í 3 liðum með fullnaðarafgreiðslum erinda.

2. Flugvellir - breyting á deiliskipulagi Flugvallarvegar (2020060544)

OSN ehf. Leggur fram tillögu á breytingu á deiliskipulagi Flugvalla. Umhverfis og skipulagsráð heimilaði auglýsingu á tillögunni á fundi þan 18. september s.l. en nú er tillagan lögð fyrir aftur með minniháttar breytingu sem fellst í að lóð nr. 2a er bætt við samkvæmt uppdrætti Verkfræðistofu Suðurnesja dagsett í september 2020.

Samþykkt er að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага.

3. Breyting deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi (2019051552)

HS Orka óskar eftir að breyta deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi. Tilgangur breytinga er að gera ráð fyrir nýjum sjótökuholum. HS Orka vinnur jafnframt að matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna þessara framkvæmda.

Samþykkt er að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага.



4. Borgarvegur 30 - breyting á bílskúr (2020090490)

Gunnrún Theodórsdóttir óskar heimildar til að breyta bílskúr á lóðinni Borgarvegur 20 í íbúðarrými í samræmi við uppdrætti ARTstone ehf. dags 9. september 2020.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

5. Deiliskipulag fyrir almenningssgarð og skólalóð á Ásbrú (2020090491)

Skipulagsfulltrúi óskar heimildar til að vinna deiliskipulag fyrir almenningssgarð og skólalóð ásamt Grænásbraut á Ásbrú í samræmi við rammaskipulag dagsett janúar 2020.

https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skipulagsrad/2020/244/11.-asbru-rammaskipulag.pdf

Ráðið heimilar að hefja vinnu við deiliskipulagið.

6. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi NA-svæði Keflavíkurflugvallar (2019110114)

Skipulagsfyrvöld Keflavíkurflugvallar auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi og breytingu á deiliskipulagi NA svæðis Keflavíkurflugvallar. Meginbreyting skipulagsáætlana felur í sér heimild fyrir nýjum þjónustuvegi milli Reykjanesbrautar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Umhverfis- og skipulagsráð gerir ekki athugasemdir en víesar í fyrirvara um Aðalskipulag Reykjanesbæjar sem kemur fram í 10. máli 254. fundar umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. ágúst sl.

7. Mælaborð sviðstjóra (2020040004)

Mælaborð lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.40